

Fossar markaðir hf.

Ársreikningur 2021

Fossar fjárfestingarbanki hf.

Fossar markaðir hf.
Fríkirkjuvegi 3
105 Reykjavík
kt. 660907-0250

Efnisyfirlit

Fossar fjárfestingarbanki hf.

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Fossar markaðir hf. er verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Félagið þjónustar innlenda og erlenda fjárfesta á sviði verðbréfamiðlunar, fyrirtækjaráðgjafar og eignastýringar. Höfðustöðvar félagsins eru í Reyjavík.

Hreinar rekstrartekjur félagsins námu 1.529,7 millj. kr. á árinu og hækkuðu um 609,8 millj. kr. milli ára eða um 39,9%. Hagnaður félagsins á árinu nam 526,4 millj. kr. (2020: 176,8 millj. kr.).

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að 515,3 millj. kr. verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021 og vísar til ársreiknings um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Eigið fé félagsins í árslok var 775,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2020: 407,2 millj. kr.) Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt 84 gr. laga um fjármálafyrirtæki er í árslok 35,3%, en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%. Þá er eiginfjárgrunnur félagsins 110,4% af föstum rekstrarkostnaði, en hlutfall þetta má ekki vera lægra en 25,0% samkvæmt sömu lögum. Arðsemi eigna nam 65,7% árið 2021.

Fjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 16,2. (2020: 14,0). Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda til starfsmanna, forstjóra og stjórnar var 349,6 millj. kr. (2020: 303,1 millj. kr.). Í stjórn félagsins sitja tveir karlar og ein kona og uppfyllir félagið því skilyrði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Í árslok 2021 eru hluthafar félagsins níu samanborið við sex í ársbyrjun. Hlutfé félagsins skv. samþykktum þess var 205,5 millj. kr. í árslok en var 196,5 millj. kr. í upphafi árs. Hlutféð skiptist í tvo flokka, A og B. Á árinu var hlutfé í A-flokki hækkað með útgáfu nýrra hluta að nafnverði 4,5 millj. kr. á genginu 1,76 og hlutfé í B-flokki hækkað með útgáfu nýrra hluta að nafnverði 4,5 millj. kr. á genginu 1,0. Atkvæðaréttur fylgir einungis bréfum í A-flokki.

Hluthafar félagsins í árslok eru:	Eignarhlutur í A-flokki	Eignarhlutur í B-flokki	Eignarhlutur í félaginu
Fossar Markets Holding ehf., endanlegir eigendur	98,95%	5,29%	52,12%
Sigurbjörn Þorkelsson / Aðalheiður Magnúsdóttir			
Haraldur I. Þórðarson			
Steingrímur Arnar Finnsson			
Vizkan Europe ehf., eigandi Kolbeinn Arinbjarnarson	1,05%	0,00%	0,52%
H3 ehf., eigandi Haraldur I. Þórðarson	0,00%	24,51%	12,25%
Kormákur Invest ehf., eigandi Steingrímur Arnar Finnsson	0,00%	23,74%	11,87%
HT19 ehf., eigandi Adrian Sabido	0,00%	17,72%	8,86%
B108 ehf., eigandi Daði Kristjánsson	0,00%	17,72%	8,86%
AZ3 ehf., eigandi Matei Manolescu	0,00%	6,64%	3,32%
More Productive ehf., eigandi Anna Þorbjörg Jónsdóttir	0,00%	2,92%	1,46%
Vatnaniður ehf., eigandi Óttar Örn Helgason	0,00%	1,46%	0,73%
Samtals	100,00%	100,00%	100,00%

Atkvæðaréttur hluthafa breyttist á árinu 2021 og fór hann í 98,9% hjá Fossum Markets Holding ehf. úr 100,0%.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ásreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess þann 31. desember 2021, breytingu á handbæru fé og breytingu á hreinni eign á árinu.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Fossa markaða hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Stjórn:
Sigurbjörn Þorkelsson
Brynja Baldursdóttir
Kolbeinn Arinbjarnarson

Forstjóri:
Haraldur Ingólfur Þórðarson

Fossar fjárfestingarbanki hf.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fossa markaða hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fossa markaða hf. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu árshlutareikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Bóknanatekjur	1	1.517.006.657	902.471.239
Fjármunatekjur	2	15.865.180	19.279.827
		<u>1.532.871.837</u>	<u>921.751.067</u>
Fjármagnsgjöld	2	(3.192.574)	(1.836.599)
		<u>(3.192.574)</u>	<u>(1.836.599)</u>
		1.529.679.263	919.914.467
Hreinar rekstrartekjur			
Laun og launatengd gjöld	3	349.573.840	303.061.435
Annar rekstrarkostnaður		453.169.034	382.011.321
Afskriftir	4	17.578.803	7.576.643
		<u>820.321.677</u>	<u>692.649.399</u>
Hagnaður fyrir áhrif dótturfélaga		709.357.586	227.265.068
Áhrif dótturfélaga	8	(40.719.741)	(1.539.398)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		668.637.845	225.725.670
Tekjuskattur	5,13	(142.230.429)	(48.919.987)
Hagnaður ársins	11	<u>526.407.416</u>	<u>176.805.683</u>
Hagnaður á hlut	1e	<u>2,59</u>	<u>1,06</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Óefnislegar eignir	6	39.815.976	55.459.493
Rekstrarfjármunir	7	8.321.989	3.943.658
Eignarhlutur í dótturfélagi	8	5.712.285	48.953.765
Viðskiptakröfur		35.856.702	38.548.090
Kröfur á tengda aðila	16	19.244.471	206.976.719
Lán til viðskiptamanna	9	247.603.361	0
Verðbréf	10	251.287.951	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		73.048.663	49.769.720
Handbært fé		351.442.341	167.563.960
Eignir samtals		1.032.333.739	571.215.404
Eigið fé			
Hlutfé		205.467.188	196.467.188
Yfirverðsreikningur hlutfjár		3.420.000	0
Lögbundinn varasjóður		51.366.797	40.227.850
Þýðingarmunur	(28.576)	2.493.163
Óráðstafað eigið fé		515.268.470	167.965.402
Eigið fé	11	775.493.879	407.153.603
Skuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	13	2.257.735	3.135.448
Skuldir við lánastofnanir		11.735	334.854
Viðskiptaskuldir		11.393.784	13.647.254
Tekjuskattur til greiðslu	5,13	142.625.711	47.173.498
Skuldir við tengda aðila	16	10.574.601	0
Aðrar skammtímaskuldir		89.976.295	99.770.748
Skammtímaskuldir		254.582.126	160.926.354
Skuldir og skuldbindingar samtals		256.839.861	164.061.802
Eigið fé og skuldir samtals		1.032.333.739	571.215.404

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Almennar upplýsingar

Fossar markaðir hf. er verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Í samræmi við 70. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þá gerir félagið ekki samstæðuársreikning með dótturfélagi sínu þar sem starfssemi dótturfélagsins er óveruleg.

b. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fossa markaða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjármálafyrirtæki. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

c. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

d. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur og vextir á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

e. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á tímabilinu og er ætlað að sýna hver hagnaður er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður félagsins nam 519,7 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 203,2 millj. kr. á árinu.

f. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	3 ár
Viðskiptasambönd og samningar	4 ár

g. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og húsbúnaður	3-5 ár
---------------------------------	--------

h. Eignarhlutur í dótturfélagi

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er niðurfært á tíu árum.

i. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkai eru færðir til eignar á gangverði, þ.e. síðasta viðskiptaverði ársins. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning

Skýringar, frh.:

1. Reikningsskilaaðferðir, frh.

j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru viðskiptabóknanir sem eru útistandandi í árslok.

k. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

l. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þrjátíu daga.

m. Tekjuskattskuldbinding

Reiknuð tekjuskattskuldbinding er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutfall.

2. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2021	2020
Vaxtatekjur	13.951.726	16.113.710
Gengismunur gjaldmiðla	0	3.166.118
Matsbreyting hlutabréfaeignar	1.913.454	0
Fjármunatekjur samtals	15.865.180	19.279.827
Vaxtagjöld	(2.452.964)	(1.836.599)
Gengismunur gjaldmiðla	(739.609)	0
Fjármagnsgjöld samtals	(3.192.574)	(1.836.599)

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	268.386.267	233.296.799
Mótframlag í lífeyrissjóð	42.256.884	34.064.509
Áfallið orlof, breyting	3.620.720	3.737.400
Fjársýsluskattur	17.398.026	14.613.425
Önnur launatengd gjöld	17.911.943	17.349.302
Laun og launatengd gjöld samtals	349.573.840	303.061.435
Stöðugildi í árslok	21	14
Meðaltal stöðugilda á árinu miðað við heilsársstörf	16	14

Laun og hlunnindi stjórnar og forstjóra (skilgreindur lykilstarfsmaður) voru með eftirfarandi hætti:

Haraldur I. Þórðarson, forstjóri	21.600.000	21.600.000
Sigurbjörn Þorkelsson, stjórnarformaður	1.650.000	1.200.000
Brynja Baldursdóttir, stjórnarmaður	1.650.000	1.200.000
Kolbeinn Arinbjarnarson, stjórnarmaður	1.650.000	1.200.000

Meðal launa og launatengdra gjalda er gjaldfærður kaupauki vegna ársins 2021 að fjárhæð 24,0 millj. kr. auk launatengdra gjalda.

Skýringar, frh.:

4. Afskriftir

	2021	2020
Afskriftir greinast þannig í rekstrarreikningi:		
Niðurfærsla óefnislegra eigna, sjá skýringu 6	15.643.517	4.469.190
Afskriftir rekstrarfjármuna, sjá skýringu 7	1.935.286	3.107.453
Afskriftir samtals	17.578.803	7.576.643

5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður út frá þeim tekjuskattshlutföllum og skattalögum sem voru í gildi í árslok en þá var tekjuskattshlutfall lögaðila 20%.

Virkur tekjuskattur (reiknaður tekjuskattur af hagnaði fyrir tekjuskatt) er frábrugðinn útreiknuðum tekjuskatti í samræmi við tekjuskattshlutfall lögaðila sem hér segir:

		2021		2020
Hagnaður fyrir tekjuskatt		668.637.845		225.725.670
Tekjusk. m.v. gild. skatthlutf.	20,0%	133.727.569	20,0%	45.145.135
Áhrif dótturfélaga	1,2%	8.143.948	0,0%	307.880
Ófrádráttarbær kostnaður	0,0%	259.172	1,5%	3.466.972
Aðrar breytingar	0,0%	99.741	0,0%	0
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	21,3%	142.230.429	21,7%	48.919.987

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu	142.625.711	47.173.498
Breyting á tekjuskattskuldbindingu	(877.713)	1.746.489
Mismunur á álagningu og sköttum til greiðslu	482.431	0
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	142.230.429	48.919.987

6. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hugbúnaður og viðskiptasambönd	
	2021	2020
Heildarverð í ársbyrjun	61.735.208	7.998.000
Uppsafnaðar afskriftir í ársbyrjun	(6.275.715)	(1.806.525)
Bókfært verð í ársbyrjun	55.459.493	6.191.475
Keypt á árinu	0	53.737.208
Afskriftir á árinu	(15.643.517)	(4.469.190)
Bókfært verð í árslok	39.815.976	55.459.493
Heildarverð í árslok	61.735.208	61.735.208
Uppsafnaðar afskriftir í árslok	(21.919.232)	(6.275.715)
Bókfært verð í árslok	39.815.976	55.459.493
Afskriftahlutföll	25-33%	25-33%

Í árslok nemur bókfært verð hugbúnaðar 1.752.120 kr. og bókfært verð viðskiptasambanda og samninga 38.063.856 kr.

Skýringar, frh.:

7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld, tæki og húsbúnaður	
	2021	2020
Heildarverð í ársbyrjun	20.975.467	20.410.530
Uppsafnaðar afskriftir í ársbyrjun	(17.031.809)	(13.924.356)
Bókfært verð í ársbyrjun	3.943.658	6.486.174
Keypt á árinu	6.313.617	564.937
Afskriftir á árinu	(1.935.286)	(3.107.453)
Bókfært verð í árslok	8.321.989	3.943.658
Heildarverð í árslok	27.289.084	20.975.467
Uppsafnaðar afskriftir í árslok	(18.967.095)	(17.031.809)
Bókfært verð í árslok	8.321.989	3.943.658
Afskriftahlutföll	20-33%	20-33%

Vátryggingarverðmæti rekstrarfjármuna nam 84,7 millj. kr. í árslok.

8. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið á 100% eignarhlut í Fossar Markets Sweden AB. Tap Fossa Markets Sweden AB nam á árinu 2021 SEK 0,9 millj. og eigið fé í árslok 2021 nam SEK 0,4 millj. Áhrif dótturfélagsins voru neikvæð um 40,7 millj. kr. á árinu 2021.

9. Lán til viðskiptamanna

Lán til viðskiptamanna félagsins greinast þannig:

	2021
Lán til viðskiptamanna	246.790.866
Áfallnir vextir lána	812.495
Lán til viðskiptamanna samtals	247.603.361

Lán til viðskiptamanna félagsins eru til innheimtu á árinu 2022. Lánin eru óverðtryggð og bera 8 til 10% vexti á ársgrundvelli. Lánin eru tryggð með veðum í eignum lántaka.

10. Verðbréf

Verðbréfaeign félagsins greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Fossar finance slhf., fagfjárfestastjóður, Reykjavík, óskráð	243.095.628	251.287.951

Skýringar, frh.:

11. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 205,5 millj. kr. í árslok samkvæmt samþykktum félagsins. Á árinu var hlutfé í A-flokki hækkað með útgáfu nýrra hluta að nafnverði 4,5 millj. kr. á genginu 1,76 og hlutfé í B-flokki hækkað með útgáfu nýrra hluta að nafnverði 4,5 millj. kr. á genginu 1,0. Hlutfé félagsins í árslok skiptist í tvo flokka, hlutfé í A-flokk 102,7 millj. kr. og hlutfé í B-flokk 102,7 millj. kr. Hlutfé í A flokk er með atkvæðisrétt en hlutfé í B flokki engan atkvæðisrétt. Í samþykktum félagsins eru frekari upplýsingar um mun á milli hlutflokka. Hver hlutur er ein króna að nafnverði.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	125.550.264	0	31.387.566	310.149.348	467.087.178
Útgefin hlutabréf	69.316.924				69.316.924
Seld eigin hlutabr.	1.600.000				1.600.000
Arður til hluthafa				(310.149.346)	(310.149.346)
Hagnaður ársins				176.805.683	176.805.683
Þýðingarmunur			2.493.163		2.493.163
Lagt í lögb. varasj.			8.840.284	(8.840.284)	0
Eigið fé 31.12.2020 ...	196.467.188	0	42.721.013	167.965.401	407.153.602
Útgefin hlutabréf	9.000.000	3.420.000			12.420.000
Arður til hluthafa				(167.965.401)	(167.965.401)
Hagn. ársins				526.407.416	526.407.416
Þýðingarmunur			(2.521.739)		(2.521.739)
Lagt í lögb. varasj.			11.138.947	(11.138.947)	0
Eigið fé 31.12.2021 ...	205.467.188	3.420.000	51.338.221	515.268.469	775.493.878

Annað bundið eigið fé greinist þannig í árslok:

	Þýðingar- munur	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	0	31.387.566	0	31.387.566
Þýðingarmunur	2.493.163			2.493.163
Lagt í lögbundinn varasjóð		8.840.284		8.840.284
Eigið fé 31.12.2020	2.493.163	40.227.850	0	42.721.013
Þýðingarmunur	(2.521.739)			(2.521.739)
Lagt í lögbundinn varasjóð		11.138.947		11.138.947
Eigið fé 31.12.2021	(28.576)	51.366.797	0	51.338.221

Skýringar, frh.:

12. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 35,3% en lágmarks eiginfjárlutfall samkvæmt lögum er 8,0%. Við mat á eiginfjárlutfallinu er farið eftir alþjóðlegum stöðlum um mat á eiginfjárlutfalli (CEBS, COREP).

	31.12.2021	31.12.2020
Heildar eigið fé í árslok	775.493.878	407.153.602
Frádráttarliðir	(39.815.976)	(55.459.493)
Eiginfjárgrunnur	<u>735.677.902</u>	<u>351.694.109</u>
Áhættugrunnur greinist á eftirfarandi hátt:		
Útlánaáhætta	1.011.160.246	381.704.743
Markaðsáhætta	5.350.372	3.163.706
Áhættugrunnur samtals sbr. a-lið 3. mgr. 84 gr. e.	<u>1.016.510.618</u>	<u>384.868.449</u>
Rekstraráhættugrunnur	2.082.013.844	1.843.889.091
Áhættugrunnur samtals sbr. b-lið 3. mgr. 84 gr. e.	<u>2.082.013.844</u>	<u>1.843.889.091</u>
Áhættugrunnur samtals sbr. 84 gr.	2.082.013.844	1.843.889.091
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall	35,3%	19,1%

Samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur verðbréfafyrirtækja aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25,0% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs. Eiginfjárgrunnur Fossa markaða hf. var í árslok um 110,4% af föstum kostnaði á ársgrundvelli.

Heildararðsemi eigna félagsins nam 65,7% árið 2021.

Skýringar, frh.:

13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.135.448	1.388.959
Gjaldfærður tekjuskattur	142.230.429	48.919.987
Mismunur á álagningu og sköttum til greiðslu	(482.431)	0
Tekjuskattur til greiðslu	(142.625.711)	(47.173.498)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>2.257.735</u>	<u>3.135.448</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	1.237.949	2.077.501
Rekstrarfjármunir	350.787	99.799
Aðrir liðir	668.999	958.148
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>2.257.735</u>	<u>3.135.448</u>

14. Skuldbindingar

Félagið hefur gert ótímabundinn húsaleigusamning. Uppsagnarákvæði í leigusamningnum er níu mánuðir og gildir það fyrir báða aðila samningsins. Áætluð ársleiga 2022 nemur 45 millj. kr. og hluti er endurleigður til annarra aðila.

15. Þóknun endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig, fjárhæðir með virðisaukaskatti:	2021	2020
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og árshlutareiknings	5.860.769	5.227.797
Önnur tengd þjónusta	2.516.579	6.767.020
Heildarþóknun til endurskoðanda	<u>8.379.369</u>	<u>11.996.837</u>

16. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins teljast vera eigendur, stjórnarmenn, forstjóri, lykilstjórnendur, makar og börn og félög í meirihlutaeigu þessara aðila.

Í rekstrarreikning hefur verið færð viðskiptaþóknun að fjárhæð 1,3 millj. kr. vegna viðskipta við tengda aðila. Gjaldfærðar eru 5,9 millj. kr. vegna veittrar þjónustu og húsaleigu frá tengdum aðilum (hluthafa).

Vaxtaberandi kröfur á tengda aðila í árslok námu 13,1 millj. kr. en þær eru til innheimtu árið 2022. Aðrar kröfur samtals 0,1 millj. kr. eru til innheimtu á árinu 2022. Samtals nema kröfur á tengda aðila 19,2 millj. kr. Vaxtatekjur færðar í ársreikningi vegna þessa nema 12,4 millj. kr. á árinu.

17. Eignir í vörslu

Félagið er með eignir í vörslu fyrir viðskiptavini að fjárhæð 40.874 millj. kr. Þessar eignir eru ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.